

## Framhaldsdeild í kirkjutónlist

### Yfirlit

Námið er hér sett upp sem tveggja ára nám sem hægt er að stunda meðfram annarri vinnu eða námi á tveimur til þremur árum.

Námsgreinar	1. önn	2. önn	3. önn	4. önn
Orgel	60 mín á viku	60 mín á viku	60 mín á viku	60 mín á viku
Píanó (aðeins fyrir nemendur sem ekki hafa lokið miðprófi á píanó)	30 mín á viku	30 mín á viku	30 mín á viku	30 mín á viku
Söngur	45 mín á viku	45 mín á viku	45 mín á viku	45 mín á viku
Hljómborðsleikur - verkleg hljómfræði			30 mín á viku	30 mín á viku
Þátttaka í kórstarfi	x	x		
Kórstjórn			x	x
Tónskólamessa		x		x
Lokatónleikar				x
Valgreinar	12 tímar	12 tímar	12 tímar	12 tímar

*Dæmi um valgreinar (samtals lágmark 48 kennslutímar yfir námstímann)*

- Áfangar tengdir kirkjutónlistarnámi í Opna Listaháskólanum
- Orgelspuni (hópkennsla)
- Námskeið í barnakórstjórn
- Viðbótarnámskeið í kórstjórn
- Píanó- eða hljóðfæranám á framhaldsstigi (í samvinnu við aðra tónlistarskóla)
- Tónfræðagreinar á framhaldsstigi (í samvinnu við aðra tónlistarskóla)
- Þátttaka í sérnámskeiðum eða verkefnum á vegum skólans

Námi við framhaldsdeild lýkur með lokatónleikum. Áður en að lokatónleikum kemur þarf nemandi að hafa uppfyllt kröfur um þátttöku í kórstarfi lokið valgreinum og lokaprófum í hljómborðsleik, söng og kórstjórn, miðprófum í píanó- og orgelleik og a.m.k. tveimur ársprófum í orgelleik.

**Nánari upplýsingar um námið er að finna á heimasíðu skólans: [tonskoli.is](http://tonskoli.is)**